

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um þingsályktun nr. 18/143,
um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hverju sætir að nefnd hefur ekki verið skipuð í samræmi við þingsályktun nr. 18/143, um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni?
2. Hvenær hyggst ráðherra skipa nefndina og hvenær má búast við að áætlun sú sem nefndinni var ætlað að leggja fram í síðasta lagi 1. september sl. líti dagsins ljós?
3. Hver er afstaða ráðherra til efnis þingsályktunarinnar og mikilvægis hennar?

Skriflegt svar óskast.